

## LÖG

### um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991 (samkomudagur reglulegs Alþingis 2020).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 1. gr. skal reglulegt Alþingi 2020, 151. löggjafarþing, koma saman fimmtudaginn 1. október, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar. Sama dag lýkur 150. löggjafarþingi sem var sett 10. september 2019.

151. löggjafarþing skal standa fram til samkomudags reglulegs Alþingis 2021, annars þriðjudags septembermánaðar það ár, sbr. 4. mgr. 1. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 24. júní 2020.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Katrín Jakobsdóttir.*